

Áveitan

9. tbl. 6. árgangur. September 2012

Æfingar í vetur

Frjálsíþróttæfingar fyrir krakka í 5. -10. bekk verða haldnar í Þingborg á þriðjudögum í vetur og hefjast kl 18:30 og standa til kl 20:00. Þjálfari er Guðmunda Ólafsdóttir. Þessar æfingar eru á vegum ungmennafélaganna þriggja og kosta ekkert. Fyrsta æfingin verður þriðjudaginn 18. september.

P.s. Við hvetjum foreldra til þess að sameinast um akstur á æfingarnar ;)

Æfingar fyrir 1.-4. bekk eru hafnar. eru þær eftir hádegi á miðvikudögum og eru í samstarfi við Flóaskóla eins og undanfarin ár. Þennan veturinn verður auk frjálsra íþróttalögð stund á ýmsar tólmstundir eins og skák og spil, útivist, leiki og ýmislegt fleira. Þjálfarar eru þau Örvar, Pelle og Valgerður, starfsmenn í Flóaskóla.

Ungmennafélögin

Glíma

Glímuæfingar hefjast á ný á mánudagskvöldið 17. september og verða á sama tíma og áður frá 20:00 til 21:00. Allir krakkar frá 3. bekk og uppúr velkomnir á æfingar. Þjálfari verður Stefán Geirsson eins og undanfarin ár.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Afmælishátíðir

Tvö merkisafmæli voru haldin hátíðleg í ágúst.

Sunnudaginn 19. ágúst s.l. var haldið upp á 5 ára afmæli safnsins Tré og list í Forsæti, Flóahreppi.

Það voru eigendur safnsins, Ólafur Sigurjónsson og Bergþóra Guðbergsdóttir ásamt fjölskyldu sem stóðu fyrir mikilli menningarveislu í tilefni dagsins.

Meðal atriða á afmælishátíðinni voru píanótónleikar Jónasar Ingimundarsonar, einsöngur Páls Rúnars Pálssonar frá Heiði í Mýrdal og samspil Maríu Weiss og Ólafs Sigurjónssonar á fiðlu og píanó.

Sunnudaginn 26. ágúst var haldið upp á 100 ára afmæli Villingaholtskirkju.

Hátíðarmessa var flutt í kirkjunni þar sem prestar kirkjunnar, þeir sr. Óskar H.

Óskarsson og sr. Kristinn Á. Friðfinnsson þjónuðu fyrir altari. Sr. Kristján V.

Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti flutti hátíðarpredikun. Kór Hraungerðisprestakalls söng undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista og Hermundur Guðsteinsson söng einsöng.

Að hátíðarmessu lokinni bauð Kvenfélag Villingaholtshrepps kirkjugestum til kaffisamsætis í Þjorsárveri. Kvenfélagskonur settu hátíðlegan svip á samkomuna en nokkrar þeirra klæddust upphlut eða peysufötum. Sjá má myndir frá afmæli kirkjunnar á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Nýir starfsmenn Flóahrepps

Þrír nýir starfsmenn hófu störf við Flóaskóla í ágúst. Það eru þau Guðmundur Freyr Sveinsson, Guðrún Birna Kjartansdóttir og Camilla Petra Sigurðardóttir.

Þau eru boðin velkomin til starfa fyrir Flóahrepp.

Einnig eru nokkrir starfsmenn að koma til starfa aftur eftir hlé en það eru þær Sigrún Helgadóttir, Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Katharina Mareike Schacht og Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir.

Þær eru boðnar velkomnar til starfa á ný.

Réttir

Réttað í Reykjaréttum laugardaginn 15. september n.k.

Afréttarkort

Mínt er á að kort af afrétti milli Þjorsár og Hvítar er fánlegt á skrifstofu Flóahrepps. Kortið er selt á kostnaðarverði, 500 kr. pr/stk.

Fréttir frá Krakkaborg

Þann 7. ágúst sl. opnaði leikskólinn aftur eftir sumarfrí og voru það hressir og kátir krakkar sem mættu í leikskólann eftir sólríkt sumar. Aðlögun nýrra barna hefur verið á öllum deildum og gengið vel. Á Bangsadeild var tekin í notkun svokölluð þáttökuaðlögun, en það er ný gerð aðlögunar sem á að gera ferlið þægilegra fyrir ung börn og foreldra þeirra.

Litlar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum okkar í haust. Þær Mareike Schacht og Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir eru komnar aftur til starfa eftir fæðingarorlof og Inga Berglind Einarsdóttir lauk störfum hjá okkur í vor og kennir nú við Kerhólsskóla. Annars er starfsmannahópurinn eins og hér segir: Á Tígradeild er Ellen Bachmann Lúðvíksdóttir deildarstjóri og með henni á deildinni eru Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir og Bjarnheiður Jónsdóttir. Á Strumpadeild er Mareike Schacht deildarstjóri og með henni eru Bryndís Rósantsdóttir og Sólrún Ágústsdóttir. Á Bangsadeild er Þórdís Bjarnadóttir deildarstjóri og með henni eru Krístrún Jónsdóttir og Júdíth Jónsdóttir. Sérkennslustjóri er Rannveig Bjarnfinnsdóttir en hún sinnir líka stuðningi inni á deildum. Matráðurinn okkar er Sandra Dís Sigurðardóttir og Kolbrún J. Júlíusdóttir sinnir afleysingu í húsi. Leikskólastjóri er Karen Viðarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, sem einnig sinnir afleysingu.

Starfið í Krakkaborg hefur farið vel af stað. Í ágústmánuði var áhersla lögð á útinám og útivist. Við kveiktum bál á bálstæðinu okkar og grilluðum þar brauð, fórum í gönguferðir, vorum með tónlistar- og myndlistartíma úti og margt fleira. Tígradeild og elstu börn Strumpadeildar fóru líka í skemmtilega berjaferð í Einbúa. Þar tíndu krakkarnir bláber og krækiber og borðuðu svo með bestu lyst. Við þökkum Ungmennafélaginu Baldri kærlega fyrir afnot af félagssvæði þeirra.

Við erum svo lánsöm í samfélaginu okkar að eiga góða að. Leikskólanum hafa á síðustu misserum borist góðar gjafir sem nýtast vel í leik og starfi. Fyrst má þar nefna leiktæki á útisvæðið sem Kvenfélag Villingaholtshrepps gaf leikskólanum. Hjónin Jóhann Helgi og Margrét í Vatnsholti 2 færðu leikskólanum fatahengiseiningar og 20 lága barnastóla til að nota inn á deildum. Nú síðast gaf Kvenfélag Hraungerðishrepps okkur vinnuborð fyrir börnin og stóla fyrir kennara. Auk þess eru foreldrar og aðrir velunnarar leikskólans duglegir við að aðstoða okkur á ýmsan hátt sem og gefa námsgögn og efnivið. Við í Krakkaborg viljum þakka kærlega fyrir þessar góðu gjafir og hlýhug í garð leikskólans. Það er ómetanleg fyrir hvern skóla að eiga gott bakland og getum við svo sannarlega státað af því hér í Flóahreppi.

Framundan hjá okkur er foreldrakynningarkvöld miðvikudagskvöldið 5. september kl 20:00 í leikskólanum. Þar munu deildarstjórar kynna leikskólastarfið og námsgögn vetrarins. Kosið verður í foreldraráð og boðið upp á kaffisopa og spjall.

Samstarf Krakkaborgar og Flóaskóla verður með hefðbundnum hætti. Við eigum von á 1. bekk Flóaskóla í heimsókn miðvikudaginn 19. september. Elstu börn leikskólans fara svo í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla í október.

Með kveðju,
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Kvennasport

Kvennasport Huldu mun halda áfram í vetur á mánudags- og miðviku- dagskvöldum kl. 20:00-21:00. Á mánudögum verðum við í Þjósárveri og á miðvikudögum í Þingborg.

Kvennasport er fyrir konur á öllum aldri en markmið tímanna er að skapa sem flestum tækifæri til að efla almennt hreysti og heilbrigði með þol-, styrktar- og liðleikaæfingum. Ýmis æfingakerfi eru notuð og aðlöguð þannig að sem bestur árangur náist miðað við líkamsástand hverrar og einnar konu.

Fyrsti tíminn verður í Þjósárveri mánudagskvöldið 10. september. Ekki er þörf á að skrá sig sérstaklega en nánari upplýsingar má nálgast hjá undirritaðri.

Hlakka til að sjá sem flestar í vetur!
Heilsukveðja

Hulda Kristjánsdóttir
Íþróttافرæðingur
866-3245
hulda@floaskoli.is

Frá Flóaskóla

Kæru íbúar í Flóahreppi!


Undirritaður mun leysa Kristínu Sigurðardóttur af sem skólastjóri skólaárið 2012-2013. Með mér í vetur verða 14 kennarar, 10 aðrir starfs-menn og 92 nemendur í 1.-10. bekk. Hver árgangur myndar umsjónarhóp en þó verður samkennt í 3.-4. bekk annars vegar og 6.-7. bekk hins vegar. Það fjölga í skólanum um 4 nemendur frá síðasta skólaári. 1. bekkur verður fjölmennasti árgangur skólans því það voru 14 ofurhugar sem hófu grunnskólagöngu sína við skólasetningu í Þjórsárveri 23. ágúst síðastliðinn.

Það hefur verið nóg að gera fyrir starfmannahópinum í ágúst enda í mörg horn að líta á stóru heimili. Á þessum tíma hefur verið gaman að sjá hversu vel Flóahreppur hefur búið að börnunum í sveitinni. Hér í Flóaskóla eru nemendahópar fámennir, skólahúsnæði rúmgott og frábært starfsfólk í öllum stöðum. En lengi má gott bæta og í ágúst hafa verið stigin stór skref í tæknivæðingu skólans með uppsetningu á tölvum, hátölurum og skjávörpum í öllum heimastofum í 5.-10. bekk. Þá hefur tölvum einnig verið fjölgað á yngsta stiginu og aðgengi kennara í skólanum að tölvuvinnu um leið aukið. Með þessum tækjum opnast heill heimur í kennslustofunni fyrir miðlun upplýsinga og námsefnis fyrir nemendur og kennara auk þess sem ýmis tæki og tól finnast á netinu til að sinna öllu því mati sem tengist skólastarfi, hvort sem það er mat á námsárangri nemenda eða sjálfsmati skóla. Ég hef leitt líkum að því að breytingin sem nú er að eiga sér stað sé ekki ósvipuð því þegar smiður fær loks hamar eða sög í verkfæratöskuna sína. Til að byggja upp skóla eins og hér hefur verið gert þarf framsýnt og öflugt fólk og ég finn að hér í sveitinni er mikill áhugi fyrir að standa vel að skólahaldinu.

Ég vil að lokum nefna það til gamans að fyrstu dagana í Flóahreppnum fannst mér allir svo kunnuglegir. Ég var því farinn að halda að ég væri orðinn eitthvað skrytinn eða meiriháttar gleyminn því hingað í sveitina hafði ég aldrei áður komið og þekkti ekkert til. Ég ræddi þetta á heimilinu mínu og komst að þeirri niðurstöðu að ástæðan fyrir þessari tilfinningu lá í því að hér eru allir svo almennilegir, opnir og kurteisir að það er eins og að hitta gamla vini að flytja í Flóahrepp. Ég hlakka því

mikið til að kynnast fleirum úr sveitinni og treysti því að við munum eiga gott samstarf um velferð barnanna í Flóahreppi á skólaárinu 2012-2013.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Freyr Sveinsson,
skólastjóri Flóaskóla.



Höfum opnað Fjoltækniverkstæði í Kolsholti 1.

Tökum að okkur almennar viðgerðir, bílamálun, járnsmíði, umfelgun og dekkjaviðgerðir.

Kristinn Matthías Símonarson. S. 8697625

Sigmar Örn Aðalsteinsson. S. 6968653

fjoltaekni@gmail.com

Flóamót-úrslit

Haldið á íþróttavellinum við Þjórsárver 31. ágúst 2012 í úrhellisrigningu.

1.-4. bekkur

60 m hlaup stelpur

1. Hallgerður Höskuldsdóttir	13,0 sek
2. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	13,2 sek
3. Hanna Dóra Höskuldsdóttir	14,6 sek
4. Laufey Árnadóttir	18,7 sek
5. Melkorka Álfðís Hjartardóttir	18,9 sek

60 m hlaup strákar

1. Unnsteinn Reynisson	10,9 sek
2. Sæþór Atlason	11,7 sek
3. Victor Örn Victorsson	11,8 sek
4. Einar Skeggjason	12,6 sek
5. Sigurjón Reynisson	12,7 sek
6. Daði Kolviður Einarsson	12,8 sek
7. Hjalti Geir Jónsson	12,9 sek
8. Viðar Hrafn Victorsson	13,6 sek
9. Benjamín Magnússon	14,8 sek

Langstökk stelpur

1. Hanna Dóra Höskuldsdóttir	2,14 m
2. Hallgerður Höskuldsdóttir	2,04 m
3. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	1,93 m
4. Laufey Árnadóttir	1,59 m
5. Melkorka Álfðís Hjartardóttir	1,52 m

Langstökk strákar

1. Unnsteinn Reynisson	2,70 m
2. Sæþór Atlason	2,60 m
3. Einar Skeggjason	2,49 m
4. Hjalti Geir Jónsson	2,38 m
5. Victor Örn Victorsson	2,31 m
6. Sigurjón Reynisson	2,23 m
7. Viðar Hrafn Victorsson	2,17 m
8. Daði Kolviður Einarsson	1,93 m

400 m hlaup stelpur

1. Hallgerður Höskuldsdóttir	2:24 mín
2. Hanna Dóra Höskuldsdóttir	2:49 mín
3. Melkorka Álfðís Hjartardóttir	3:33 mín

4. Laufey Árnadóttir

4:03 mín

400 m hlaup strákar

1. Unnsteinn Reynisson	1:56 mín
2. Sæþór Atlason	2:00 mín
3. Einar Skeggjason	2:02 mín
4. Sigurjón Reynisson	2:19 mín
5. Hjalti Geir Jónsson	2:34 mín

5.-7. bekkur

60 m hlaup stelpur

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir	11,5 sek
-----------------------------	----------

60 m hlaup strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	9,8 sek
2. Jónatan Magnússon	12,0 sek

Langstökk stelpur

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir	11,5 sek
-----------------------------	----------

Langstökk strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	9,8 sek
---------------------------	---------

Kúluvarp 2 kg stelpur

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir	5,86 m
-----------------------------	--------

Kúluvarp 2 kg strákar

1. Jónatan Magnússon	5,73 m
2. Dagur Fannar Einarsson	5,71 m

400 m hlaup strákar

1. Dagur Fannar Einarsson	1:47 mín
---------------------------	----------

8.-10. bekkur

100 m hlaup stelpur

1. Sunna Skeggjadóttir	15,3 sek
2. Eyrún Gautadóttir	15,5 sek

100 m hlaup strákar

1. Jón Þór Pálsson	14,5 sek
2. Jóann Páll Smáráson	14,6 sek
3. Hólmar Höskuldsson	16,3 sek
4. Unnar Freyr Bjarnarson	17,3 sek

Langstökk stelpur

1. Eyrún Gautadóttir 3,45 m
2. Sunna Skeggjadóttir 3,31 m

Langstökk strákar

1. Jóann Páll Smáráson 4,18 m
2. Unnar Freyr Bjarnarson 3,75 m
3. Jón Þór Pálsson 3,69 m
4. Hólmar Höskuldsson 3,57 m

Kúluvarp stelpur

1. Sunna Skeggjadóttir 8,10 m
2. Eyrún Gautadóttir 6,42 m

Kúluvarp strákar

1. Jón Þór Pálsson 9,20 m
2. Jóann Páll Smáráson 8,21 m
3. Hólmar Höskuldsson 7,19 m

800 m hlaup stelpur

1. Eyrún Gautadóttir 3:39 mín

800 m hlaup strákar

1. Jón Þór Pálsson 3:33 mín

Reykjaréttir 2012

Góðir Flóamenn.

Reykjaréttir (Skeiðaréttir) verða haldnar 15. september.

Réttarstörf hefjast kl.09:00 og vonum við að sem flestir sjá sér fært að mæta.

Við viljum minna á að bannað er að geyma hross í dilkum við réttirnar. Það er hestagirðing á staðnum með heyi og vatni. Gildir bannið bæði fyrir fjallmenn og þá sem koma ríðandi í réttirnar. Þetta er gert til að vernda hleðsluna í réttunum.

Í haust tók í gildi ný reglugerð um fjallskilasamþykkt austan vatna. Breyting er í 29.gr. Í henni segir að eftirsmölun af afrétti Gnúpverja, Skeiða og Flóamanna ásamt óskilum í heimasömölun, skuli réttað í Skaftholtsréttum.

Verður skilaréttin í Skaftholtsréttum sunnudaginn 30. sept og hefst hún kl.10:00.

Stjórn Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða

Frá Umf. Vöku:

Vel heppnaður reiðtúr

Farið var í reiðtúr ungmennafélagsins þann 25. ágúst síðastliðinn. Reiðmenn voru 12 talsins á aldrinum 3-66 ára og skemmtu sér allir sem best þrátt fyrir smá vætu.

Farið var út að Flögu þar sem hjónin Sigurbergur og Kolbrún í Króki tóku á móti hópnum en þar fengum við að sleppa hestunum í girðingu og fengum heitt kaffi og súkkulaði. Þökkum við þeim kærlega fyrir góða gestristni. Eftir það var síðan farið Hróarholtsafleggjarann til baka og heim. Ég vil þakka öllum fyrir góðan dag.

Formaður skemmtinefndar

Hjólarallý

Haldið var hjólarallý í Breiðholtssgryfjunum þann 16. ágúst síðastliðinn. Mættu þar nokkrir krakkar á aldrinum 6-12 ára en voru keppendur alls fimm. Keppt var í 3 brautum en fyrst var leiknibraut þar sem krakkarnir þurftu að hjóla í hlykki og gera ýmsar listir sem reyndu á færni þeirra á hjólunum. Síðan var torfærubraut þar sem krakkarnir þurfu að hjóla yfir holt og hæðir auk þess að fara yfir vegasalt. Að lokum var síðan tímadrullupyttisbrautin þar sem krakkarnir þurftu að fara hjólabraut á tíma en í lokin þurftu þau að hjóla yfir drullupytt. Skemmtu allir sér með eindæmum vel og þá ekki síst áhorfendurnir. Eftir keppni var síðan hægt að kaupa sér súkkulaði og gos í ferðasjoppu gjaldkera ungmennafélagsins. Keppendurnir stóðu sig allir mjög vel, létu ekkert stoppa sig og kláruðu allir brautirnar með miklum sóma. Vert er að minnast á að allir hjólreiðamenn komust slysalaust frá þessari keppni. Þetta verður án efa endurtekið á næsta ári en þá vonumst við til að sjá fleiri keppendur.

Skemmtinefnd

Úrslit af mótum í ágúst

Meistaramót Íslands 15-22 ára haldið á Höfn 11.-12. ágúst

Bjarni Már Ólafsson	100 m. undanrásir	8.	12,08 sek.
	Langstökk	1.	6,15 m.
	Hástökk	1.	1,79 m.
	Þrístökk	1.	13,76 m.
	Spjótkast	2.	45,79 m.

47. Bikarkeppni FRÍ haldin á Akureyri 24.-25. ágúst

Haraldur Einarsson	100 m.	4.	11,16 sek.
	400 m.	4.	52,77 sek.
	Þrístökk	2.	13,83 m.
	200 m.	5.	24,01 sek

Kópavogsmót haldið í Kópavogi 15. ágúst

Haraldur Einarsson	110 m. grind	2.	17.32 sek
	100 m.	4.	11,58 sek

Úrslit Samhygðar- og Vökumóts

Vaka sigraði stigakeppnina á Samhygðar og Vökumótinu sem var haldið á stórgóðum Selfossvelli sunnudaginn 2. september í blíðskaparveðri. Haraldur Einarsson Vöku var skjaldarhafi og stigahæstur karla. Halldóra Markúsdóttir Samhygð, varð stighæst kvenna auk þess að eiga besta afrek í kvennaflokki í 100 m hlaupi. Kristinn Þór Kristinsson Samhygð átti síðan besta afrek í karlaflokki í 800 m hlaupi. Samhygð átti fleiri menn til stiga. Heildarúrslit mótsins verða birt í næsta tölublaði Áveitunnar.

Ferð eldri borgara í Flóahreppi 2012

Fyrirhugað er að fara mánudaginn 10. september og aka um Rangárþing. Rúta frá Guðmundi Tyrfingssyni fer frá Félagslundi kl. 12:15, Þjórsárveri 12:30 og Þingborg kl. 12:45. Þátttaka tilkynnist til Margrétar Gerðum í síma 4863393, Aðalheiðar Ferjunesi í síma 4863305 og Margrétar Kristinsdóttur Selfossi í síma 8657072.

Ferðanefndin

Frá Villingaholtskirkju

100 ára afmæli Villingaholtskirkju var haldið sunnudaginn 26 ágúst að viðstöddu fjölmenni. Dagurinn var í alla staði mjög góður og þökkum við öllum þeim sem að þessum hátíðisdegi komu. Haldin var hátíðarmessa í kirkjunni þar sem sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson og sr. Óskar H. Óskarsson þjónuðu, vígslubiskupinn í Skálholti, sr. Kristján Valur Ingólfsson predikaði, sr. Baldur Kristjánsson var viðstaddur og prófasturinn í Suðurprófastsdæmi, sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir vígði nýjan duftreit í kirkjugarðinum. Hermundur Guðsteinsson söng einsöng og einnig með kór Hraungerðisprestakalls. Organisti var Ingi Heiðmar Jónsson. Kristín Stefánsdóttir er meðhjálpari og Jón Kristjánsson hringjari.

Kirkjunni okkar bárust margar góðar gjafir, Kvenfélag Villingaholtshrepps gaf 55 ísaumaðar sessur ásamt hirslu undir þær, ásamt því að gefa veglegar kaffiveitingar, en hirsluna smíðaði Ólafur Sigurjónsson í Forsæti. Systkynin frá Villingaholti og fjölskyldur gáfu útskorna mynd, til minningar um foreldra sína, Ingvar Kristján Jónsson og Gretu Svanlaugu Jónsdóttur. Myndin er eftirmynd af ljósmynd frá 1906, er danskur landmælingamaður O.A Smith Goude hafði tekið, en Sigga á Grund skar myndina út í linditré. Flóahreppur færði kirkjunni blómvönd. Peningagjafir bárust nokkrar, frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps, Hérðassjóði Suðurprófastsdæmis, Kirkjukór Hraungerðisprestakalls og einnig frá Helgu Kristínu Þórarinsdóttur í Forsæti 2 og börnum hennar, til minningar um Gest Mosdal Kristjánsson. Einnig var okkur gefið að gjöf, listaverkabókin Kenjóttar hvatir frá Mæju Siska, sem sýndi nokkur verka sinna sem hún málaði á upphaflegu bárujárnsplötunum sem voru á kirkjunni. Innilegar þakkir fyrir þessar góðu gjafir sem munu allar koma sér vel.

Síðustu vikuna fyrir afmælið var mikið unnið í kirkjugarðinum, garðurinn var sléttaður, tyrfður og sett niður tré. Frumkvæði af framkvæmdum við sléttun og tyrfingu hafði Brynjólfur Jóhannsson í Kolsholtshelli og Kristján Gestsson í Forsæti og sáu þeir að miklu leyti um þessa framkvæmd, en að sjálfsögðu komu margir sjálfboðaliðar að þessu og viljum við senda þeim okkar bestu þakkir.

Við í sóknarnefndinni þökkum ykkur innilega fyrir ómælda sjálfboðavinnu og velvild, og þökkum ykkur einnig fyrir að hjálpa okkur að gera daginn eftirminnilegan.

Sóknarnefnd Villingaholtssóknar

Hautballið

Laugardaginn 15. september verður haldið hið árlega Hautball í Félagslundi. Jón Skeiðungur spilar fyrir dansi. Húsið opnar kl. 22.00 og aðgangseyrir er 2.500 kr. Sjáumst sem flest.

Umf. Samhygð og Nefndin

Sófi óskast

Flóaskóli óskar eftir gefins sófa sem gæti nýst við að búa til huggulegt umhverfi fyrir lestrarstundir nemenda.

Guðmundur Freyr Sveinsson, skólustjóri Flóaskóla.

Sími 486-3460 / 895-3460

Dagskrá mánaðarins

Ferð eldri borgara í Flóahreppi	10. september
Kvennasport í Þjórsárveri	10. september
Kvennasport í Þingborg	12. september
Reykjaréttir	15. september
Hautball í Félagslundi	15. september
Glímuæfing	17. september
Kvennasport í Þjórsárveri	17. september
Æfing eldri	18. september
Kvennasport í Þingborg	19. september
Glímuæfing	24. september
Kvennasport í Þjórsárveri	24. september
Æfing eldri	25. september
Kvennasport í Þingborg	26. september
Seinni réttir	30. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160